

felli ætti stefnandi einnig heimtingu á bótum sérstaklega fyrir tjón það, er hann þá hefði beðið vegna vanefnda stefnda. En nú hefir hvorugur aðiljanna sannað gegn mótmælum hins, að hafa beðið nokkurt tjón vegna þess, að verksamningurinn var ekki haldinn og skiptir því ekki máli í þessu falli að skera úr um það, hvor aðiljanna hafi átt sök á samningsslitunum, heldur ber eingöngu að byggja úrslit máls þessa á því hve langt verkinu og greiðslunum eftir verksamningnum var komið, er hætt var. Og þar sem áðurgreindri matsgerð hefir í engu verið hnekk, þykir verða að leggja hana til grundvallar um það, hve mikið verk stefnandi hefir átt óunnið þegar hann hætti og hefir hann þá, eins og stefndur heldur fram, verið búinn að vinna fyrir kr. 140,00 fram yfir það, sem hann hefir áður fengið greitt, og verða úrslit málsins þá samkvæmt framansögðu þau, að stefndur verður aðeins dæmdur til þess að greiða þá upphæð með vöxtum eins og krafizt hefir verið, þar eð vaxtahæðinni hefir ekki verið mótmælt sérstaklega. Svo þykir og eftir öllum mála-vöxtum rétt, að stefndur greiði stefnandanum kr. 60,00 í málskostnað.

Vegna embættisanna hefir dómur eigi verið kveðinn upp í máli þessu fyrr en nú.

Mánudaginn 19. dez. 1932.

Nr. 182/1932. **Réttvísni** (Lárus Fjeldsted)

gegn

Carsten Behrens (Pétur Magnússon)

og

Magnúsi Guðmundssyni

(Jón Ásbjörnsson).

Sýknun.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 9. nóv. 1932: Ákærður, Carsten Behrens, sæti fangelsi við venjulegt fangaviður-væri í 45 daga og skal auk þess sviftur rétti til að reka eða

stjórna verzlun eða atvinnufyrirtæki í næstu 6 ár frá uppsögn dóms þessa.

Ákærður, Magnús Guðmundsson, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 15 daga.

Ákærður, Niels Manscher, skal vera sýkn af ákæru réttvisinnar í málinu.

Ákærðir, C. Behrens, og Magnús Guðmundsson, greiði annar fyrir báða og báðir fyrir annan allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

I. Ákærði Carsten Behrens.

Þegar ákærði Behrens, hóf sjálfstæða verzlunarfsemi laust fyrir áramótin 1925—'26, skuldaði hann fyrrverandi húsbónda sínum, C. Höepfner A/S um kr. 14000,00. Ákærði var þá eignalaus, en firma þetta skuldbatt sig með samningi til þess að veita honum lánstraust, upphaflega um allt að d. krónum 20,000,00 en síðar var það hækkað í kr. d. 35,000,00. Árið 1926 virðist verzlun ákærða hafa gengið fremur vel, því að í lok þess árs eru skuldir hans umfram eignir, samkvæmt skýrslu endurskoðenda, eigi nema kr. 6001,07, en í árslok 1928 eru hreinar skuldir aftur orðnar kr. 14,852,72. Þessi ár hafði ákærði jafnframt ýms störf á hendi fyrir Höepfner. Hann veitti viðtöku peningum frá útibúum Höepfners hér á landi, annaðist umsjón og sölu fasteigna hans hér í bæ. Af fé því, sem ákærði tók þannig við, er hann haustið 1929 talinn hafa notað í sínar þarfir og í heimildarleysi yfir kr. 50,000,00. Þetta ár í októbermánuði sendi Höepfner hingað umboðsmann sinn, H. Tofte fyrrv. bankastjóra, til að innheimta skuld þessa. Sneri ákærði sér þá til þáverandi hæstaréttarmálaflutnings-

manns, Magnúsar Guðmundssonar, um aðstoð til samningagerðar við Tofte. Lét ákærði þá að tilhlutun Magnúsar endurskoðunarfirmað N. Manscher & Björn Árnason gera efnahagsreikning sinn pr. $2\frac{8}{10}$ 1929. Var efnahagurinn gerður eftir bókum ákærða, og var þannig:

Eignir:

1. Sjóður	kr.	6041,22
2. Skuldunautar	—	42261,52
3. Vörubirgðir	—	35118,42
4. Innanstokksmunir	—	1458,15
5. Fasteign í Hafnarfirði	—	8500,00
		<hr/>
	Kr.	93379,31

Skuldir:

1. C. Höepfner	kr.	68148,19
2. Aðrir lánardr.	—	27209,10
3. Mismunur á umboðsreikningi ...	—	300,70
4. Ættingjaskuldir	—	23489,93
		<hr/>
	Kr.	119147,92

Skuldir umfram eignir því kr. 25768,61

Auk þess var ákærði skuldaður um útsvör til bæjarsjóðs Reykjavíkur, sem bækur hans sýndu ekki og hann telur vafakröfu — 4466,75 og skuld til Det kongelige oktroyerede Brandassurancekompagni, sem hann telur þá munu hafa numið um kr. 1500, en upplýsingar vantar að öðru leyti um — 1500,00

Og yrði þá útkoman kr. 31735,36
Hins vegar átti ákærði lífsábyrgð,

sem bækur hans sýndu ekki og reynd-
ist virði — 3400,00

Og með frádrætti þessarar upphæð-
ar verður útkoman, skuldir fram yfir
eignir, þá kr. 28335,36

Einnig hafði ákærði greitt d. kr.
5000,00 fyrir Höepfner, sem hann
hafði misst kvittun fyrir, og voru
skuldir hans því oftaldar um þessa
upphæð, eða íslenzkar — 6085,00

Og verður þá útkoman kr. 22250,36

Af skuldum voru loks kr. 23489,93 til móður á-
kærða, dóttur og bróður. Hafði hann fengið pen-
ingalán hjá þessum skyldmönnum sínum og auk
þess hafði bróðir hans léð honum verðbréf að
handveði til tryggingar skuld við firmað Bruhn &
Baastrup, og er sú skuld innifalin í áðurnefndum
ættingjaskuldum. Ákærði hefir skýrt frá því að
þessi nákomnu skyldmenni hans hafi veitt hon-
um þessar upphæðir og veð til hjálpar honum, og
að treysta mætti því, að þau mundu ekki krefja
hann, nema hann gæti áður fullnægt öllum öðrum
lánardrottnum sínum. Telur hann því, að þessar
kr. 23489,93 hafi verið óhætt að draga frá skuldum
sínum í þessu sambandi, og ætti hann að þeim frá-
dregnum þá reikningslega að hafa átt kr. 1239,57
fram yfir skuldir.

Þessi skýrsla ákærða um ættingjaskuldirnar er
sennileg, enda hefir annað, sem fram er komið í
málinu, styrkt hana. Og virðist ákærði því ekki
hafa þurft að taka tillit til þessara skulda, þegar
hann gerði ráðstafanir þær, sem í samningnum
frá 7. nóv. 1929 greinir.

Í júnimánuði 1929 hafði ákærði gert samning um að makaskipta fasteign sinni í Hafnarfirði fyrir húseignina Lindargötu 14 í Reykjavík, sem sett var á 60000,00 móti Hafnarfjarðareigninni á kr. 10000,00. Veðskuldir á Lindargötu 14 voru kr. 50000,00, en af Hafnarfjarðareigninni leysti ákærður áhvilandi veðskuld. Afsöl voru gefin út um áramótin 1929—1930. Reykjavíkureignin var að vísu ekki nema kr. 28800,00 að fasteignamati, en af því mati er ekki unnt að leiða neinar ábyggilegar ályktanir um verð hennar í kaupi og sölum, er skipt geti máli um sekt eða sýknu ákærða í þessu sambandi. Hrein eign ákærða í Lindargötu 14 var reikningslega kr. 8500,00, ef Hafnarfjarðareignin er talin kr. 8500,00, eins og gert er í efnahagsreikningnum pr. $2\frac{8}{10}$ 1929. Og gerir það þá enga breytingu, þótt Lindargötueignin sé sett inn í efnahaginn. Það getur ekki heldur ráðið neinum úrslitum, þótt eignin á Lindargötu 14 seldist undir kr. 60000,00 nær því ári síðar. Það er og upplýst, að þessi eign gaf kr. 600,00 á mánuði í leigu og mátti sú leiga teljast gefa góða vexti af 58500,00 krónum.

Áðurnefndur umboðsmaður Höepfners virðist hafa verið mjög kröfuharður, einkum í upphafi, eftir því sem frá er skýrt í málinu, og hótaði ákærða málssókn, kæru og gjaldþroti, ef því yrði að skipta, sakir hinnar óheimilu notkunar ákærða á fé Höepfner, sem áður getur. Þess vegna var sá kostur tekinn 7. nóv. 1929, að ákærði framseldi Höepfner útistandandi skuldir

fyrir	kr. 19164,35
og vörur fyrir	— 27836,33

eða samtals kr. 47000,68

Skuldirnar voru felldar niður úr nafnverði fyrir vanhöldum og væntanlegum innheimtukostnaði um ... —	2000,68
Svo að framselt var nettó fyrir .. —	45000,00
En auk þess var bætt við skuld ákærða til Höepfnars vöxtum —	1840,00
og ferðakostnaði Tofte —	1660,00
Alls kr.	3500,00

Hér frá dragast þó ofreiknaðar .. kr. 480,00

Svo að þessi viðbót verður nettó .. kr. 3020,00
Hinsvegar voru kr. 6000,00 niður felldar af skuldinni. En fyrir eftirstöðvum allrar skuldarinnar, þeirrar, sem rót sína átti að rekja til meðferðar ákærða á vörzlufénu, sem fyrr segir, ásamt framannefndum frádrætti og viðbótum, gaf ákærði út skuldabréf, að upphæð kr. 5805,69, eftir því sem upplýst er, en bréfs þessa hefir ekki verið aflað til afnota í málinu, en upplýst er, að skuld þessi hafi átt að standa afborgunarlaus næstu tvö ár og að ákærði þyrfti yfir höfuð ekki að greiða hana nema hann gæti, enda greiddi hann, samkvæmt loforði sínu, víxilkröfur þær, sem Höepfner hafði þá á hann, á gjalddaga. Af þessum kröfum virðast d. kr. 583,02 ekki hafa greiðst.

Loks átti ákærði að senda hinar afhentu vörur héðan til Akureyrar á sinn kostnað. Sá kostnaður reyndist nema kr. 1540,00.

Efnahagur ákærða eftir ráðstöfun hans 7. nóv. 1929 virðist, þegar efnahagsreikningurinn $2\frac{8}{10}$ 1929 með áðurnefndum viðaukum og breytingum er lagður til grundvallar, og að frátöldum ættingjaskuldunum, verða sem hér segir:

Eignir:

1. Sjóður	kr.	6041,22
2. Skuldunautar	—	23097,17
3. Vörubirgðir	—	7282,09
4. Innanstokksmunir	—	1458,15
5. Fasteign	—	8500,00
6. Lífsábyrgð	—	3400,00
		<hr/>
	Kr.	49778,63

Skuldir:

1. Skuld við Höepfner	kr.	68148,19
÷ Ofreiknuðum	kr.	480,00
Greiðslu $\frac{7}{11}$ 1929 nettó	—	45000,00
Eftirgefnum	—	6000,00
Áður greiddar	—	6085,00
		<hr/>
	—	57565,00
	Kr.	10583,19

En hér við bætist:

Vextir	kr.	1840,00
Ferðakostnaður	—	1660,00
		<hr/>
	kr.	3500,00
	Kr.	14083,19

2. Aðrir lánardrottnar	—	27209,10
3. Mismunur á umboðsreikningi	—	300,70
4. Sendingarkostnaður varanna	—	1540,00
5. Útsvarsskuld og D. kgl. oktr.	—	5966,75
		<hr/>
	Kr.	49099,74

Mismunur, eignir, reikningslega hærri
en skuldir

	kr.	678,89
--	-----	--------

Hér við er athugandi, að ákærði mátti gera ráð fyrir því sem líklegu, að hann losnaði við skulda-
bréfskröfuna, kr. 5805,60. Hinsvegar mátti hann

gera ráð fyrir því, að útistandandi skuldir hans reyndust ekki nafnverðs síns virði og samantaldar eitthvað lakari en sá hluti þeirra, sem hann fram-seldi Höpfner. Og gat hann því varla talið sig eiga fullkomlega fyrir skuldum eftir ráðstöfunina 7. nóv. 1929, nema hann losnaði við áður nefnda skuldabréfskröfu.

Ákærði hefir haldið því fram, að hann hafi þá haft ýms góð verzlunarsambönd önnur en Höpfner, enda hafi það samband ekki verið honum að öllu hentugt, og að hann hafi haft í hyggju að setja upp arðberandi atvinnurekstur í hinu nýkeypta húsi sínu. Hafi hann því gert sér vonir um, að geta haldið áfram verzlun sinni og að hann gæti unnið sig upp. Það er ekkert komið fram um það, að aðrir lánardrottmar hans hafi gengið að honum eða haft ástæðu til þess, þegar hér var komið. Ennfremur er á það að líta, að ráðunautur hans, Magnús Guðmundsson, taldi honum óhætt að gera áður nefnda ráðstöfun og réð honum til þess til að firra hann málssókn og kærú af hálfu Höpfners, og að N. Manscher, sem og sætti málshöfðun vegna afskipta sinna af þessu máli, en var sýknaður í héraði, hafði einnig samkvæmt skýrslu sinni fyrir lögreglurétti 1. okt. þ. á., talið samninginn 7. nóv. 1929 eins og hann varð að lokum, ekki skaða hina lánardrottma ákærða.

Þegar alls þessa er gætt, þá virðist ekki ástæða til að líta svo á, að ákærði hafi séð fyrir eða hlotið að sjá fyrir yfirvofandi gjaldþrot hjá sér, þegar eignayfirfærslan 7. nóv. 1929 hafði farið fram. Og verður því ekki talið, að hann hafi með henni gerzt brotlegur við 263 gr. hegningarlagna.

Vonir ákærða framannefndar rættust ekki. Hann

kom ekki fyrirætlunum sínum í framkvæmd og vann ekki upp verzlun sína. Þar til kom, að ýmsir skuldunautar hans brugðust honum nálægt áramótum 1929—1930, og missti hann þess vegna láns-traust það, er hann hafði hér í banka. Vörur sínar kveður hann hafa spillzt af vatni, sem í vörugeymslu hans komst. Um áramótin síðustu taldi hann því hag sínum svo komið, að hann yrði að segja upp starfsfólki sínu með 3 mánaða fyrirvara. Og má þá ætla, að honum hafi þá fyrst orðið það ljóst, að gjaldþrot væri í nánd, ef ekki yrði samningum við komið. — Vörupantanir og skuldagreiðslur til áramóta 1929—1930 verða samkvæmt framansögðu ekki taldar ákærða til refsingar. Það er ekki sannað, að ákærði hafi pantað vörur eftir 1. jan. 1930, en víxillkröfur, sem viðskiptamenn hans höfðu á hendur honum, eða kröfur, sem stóðu í sambandi við vörumóttöku, hefir hann greitt eftir þennan tíma, samtals kr. 2865,09. Þar af eru kr. 2005,09 greiddar frá 7.—20. jan., kr. 600,00 í febr. og loks kr. 260,00 í maí 1930. Um þessar greiðslur hafa ekki verið fengnar neinar upplýsingar, hvort þær hafi verið fyrir vörur, sem ákærði fékk þá fyrst í hendur, þegar greiðslur fóru fram, eða fyrir vörur, sem hann hafði áður fengið í hendur sínar. Þar sem svo langt er um liðið, þykja litlar líkur til þess, að frekari rannsókn á þessum atriðum muni koma að haldi, enda eru þessi atriði ekki stórvægilleg. Það verður samkvæmt því, er nú var sagt, ekki talið sannað, að ákærði hafi með greiðslum þessum gert sig sekan í refsiverðum verknaði.

Það er upplýst í málinu hér fyrir dómi, að ákærði tók í dezbr. 1929 út úr sparisjóðsbók þeirri, er í hinum áfrýjaða dómi getur, kr. 2500,00, og afgang-

inn að undanskildum 2 krónum, í janúar 1930. Það er ekki upplýst í málinu, hvort ákærði hefir notað þessa fjárhæð til greiðslu á vörum eða verzlunarkostnaði eða til einkaneytslu, og verður hann þegar af þessari ástæðu ekki dæmdur til refsingar sakir þessa atriðis.

Eins og tekið er fram í hinum áfrýjaða dómi, er það ekki sannað, að ákærði hafi komið eignum sínum undan gjaldþrotaskiptum og einnig verður að fallast á það, að bókhald ákærða hafi ekki verið þannig, að hann verði dæmdur til hegningar þess vegna.

Þá verður ákærði loks ekki látinn sæta refsingu eftir ákvæðum hegningarlaganna fyrir það, að hann sneri sér til málflutningsmanns síns, eftir að hann sá, hvernig komið var, með beiðni um það, að málflutningsmaðurinn reyndi að komast að samningum fyrir hans hönd við lánardrottna hans, í stað þess að framselja bú sitt þegar til gjaldþrotaskipta, með því að ekki er sannað, að ákærði hafi gert þetta í sviksamlegum tilgangi, enda var hverjum lánardrottni hans að lögum jafnheimilt að krefjast gjaldþrotameðferðar á búi hans eftir sem áður.

II. Ákærði Magnús Guðmundsson.

Eins og áður segir, leitaði Behrens til ákærða, Magnúsar Guðmundssonar, sér til ráðuneytis og aðstoðar við samningana við Tofte í október og nóvember 1929. Taldi ákærði verk sitt fólgað í því, að leiðbeina Behrens, draga úr kröfum Tofte svo sem unnt væri og færa samninginn í stílinn. En það tók ákærði skýlaust fram, að svo yrði að ganga frá því máli, að Behrens hleypti sér ekki í neitt, sem

talizt gæti óheiðarlegt eða refsivert. Ákærði hefir kannazt við það, að hann hafi ráðið Behrens til þess að ganga að samningnum 7. nóv. 1929, eins og hann varð að lokum, enda hafi hann eftir skýrslum Behrens og því, sem fyrir honum lá, talið Behrens eiga fyrir skuldum eftir eignayfirfærsluna 7. nóv. 1929, þegar ekki væri tillit tekið til ættingjaskuldanna, en það verður ekki talið ákærða til áfellis þótt hann tæki þær frá, samkvæmt því, sem áður er sagt í I. kafla.

Efnahagur Behrens er, eftir því sem ákærði mátti líta á hann $2\frac{8}{10}$ 1929, þannig:

Eignir samtals	kr. 93379,31
Skuldir samtals, kr. 119147,92 (÷ ættingjaskuldum kr. 23489,93 ÷ óreiknuðum greiddum isl. kr. 6085,00 =	
kr. 29574,93)	— 89572,99

Og verða þá reikningslega meiri en skuldir

kr. 3806,32

Ákærða var ókunnugt um skuld Behrens við bæjarsjóð Reykjavíkur og Det kongel. Brandassurancekompagni, svo og um lífsábyrgð Behrens. Og koma þessar upphæðir því ekki til greina hér. Ákærða var þar á móti kunnugt um makaskiptasamninginn um húseignirnar, en það skiptir hér ekki máli fremur en um Behrens. Um útistandandi skuldir Behrens segir ákærði, að Behrens hafi sagt, að ekki mætti líta á þær sem venjulegar verzlunarskuldir, þar sem verzlun hans væri svo ung. Þær væru betri, en þenna eignalið segist ákærði ekki hafa rannsakað sérstaklega. Er ekkert fram komið, er hnekki þessari skýrslu ákærða.

Eftir eignayfirfærsluna 7. nóv. 1929 litur efna-

hagur Behrens þannig út, byggt á efnahagsreikningnum $2\frac{8}{10}$ 1929 og með breytingum, sem á urðu $\frac{7}{11}$ 1929.

Eignir samtals	kr. 93379,31
÷ framseldum vörum og skuldum	— 47000,68
	<hr/>
	Kr. 46378,63

Skuldir:

1. Höepfner, þar í reiknuð afföll á hinum afhentu kröfum, og viðbættum vöxtum og ferðakostnaði	
Tofte	kr. 14083,19
2. Aðrir lánardrottinnar	— 27209,10
3. Mismunur á umboðsreikningi ..	— 300,70
	<hr/>
	Kr. 41592,99

Og verða þá eignir reikningslega hærri en skuldir

—	4785,64
---	---------

Sendingarkostnaður varanna, er Behrens átti að greiða, er þó ekki hér talinn, vegna þess, að hann getur ekki hafa verið ákveðinn þegar 7. nóv. 1929, en þessi liður gat ekki frá sjónarmiði ákærða gert nokkurn úrslitamun í þessu sambandi. En ef sendingarkostnaðurinn er meðtalinn. þá verða eignir fram yfir skuldir reikningslega kr. 3245,64.

Eftir ráðstöfunina $\frac{7}{11}$ 1929 átti Behrens úti-standandi skuldir að nafnverði kr. 23097,17 Ekki mátti gera ráð fyrir þeim affallalausum, enda hafði Höepfner yfirleitt fengið góðar kröfur, en eigi hafði ákærði ákveðið þær, þótt hann sæi lista yfir þær, heldur Behrens sjálfur með Tofte. Það er auðvitað álitamál, hversu mikið hafi verið hæfilegt að gera fyrir afföllum á skuldum þessum, þegar metá skyldi efnahag Behrens, en eftir framannefndri útkomu átti hann nægilega til afskriftar 14% af þeim.

Einnig fékk Höefner yfirleitt góðar vörur hjá Behrens, en ekki hafði ákærði afskipti af því, hvaða vörur voru teknar frá í þessu skyni. En allar voru vörur Behrens taldar með kostnaðarverði í efnahagsreikningnum, svo að ákærði gat naumast búizt við miklum afföllum á þeim vörum, sem eftir urðu, ef þær yrðu seldar með venjulegum hætti, en ákærði hafði þá ekki ástæðu til að gera ráð fyrir öðru.

Þá hafði ákærði ástæðu til að ætla, að Behrens mundi losna við greiðslu 5805,69 króna skulda-bréfskröfunnar til Höefners, og að efnahagur hans gæti því batnað sem þessari upphæð næmi.

Þegar nú alls þessa er gætt og ennfremur þeirra upplýsinga, sem Behrens gaf ákærða um verzlunarsambönd sín og framtíðarfyrirætlanir, og að Behrens losnaði með samningnum $\frac{7}{11}$ 1929 við skuld, sem ekki mátti standa og svo var tilkomin sem fyrr segir, og að ákærði mátti ætla, eftir því, sem fram var komið, að lítið af öðrum kröfum á Behrens væri þá fallið í gjalddaga, þá verður ekki álitid, að ákærði hafi með mati sínu á efnahag Behrens og ráðleggingu sinni til hans gert sig sek-an í nokkrum refsiverðum verknaði, enda verður engan veginn álitid, að ákærði hafi þá, eftir því sem fyrir honum lá, séð eða hlotið að sjá yfirvofandi gjaldþrot hjá Behrens.

Það verður því að sýkna ákærðan, Magnús Guðmundsson, af kærú um hlutdeild í brotum samkvæmt 263. gr. hegningarláganna í sambandi við samningagerðina $\frac{7}{11}$ 1929.

Það er ekki nákvæmlega upplýst í málinu, hvenær Behrens kom til ákærða með beiðni um aðstoð hans við samningagerðir við lánardrottna Behrens.

Verjandi ákærða hélt því eindregið fram fyrir hæstarétti, að ákærði hefði þegar í stað látið Behrens vita, að ekkert yrði gert í þessu efni fyrir en efnahagsreikningurinn væri fenginn, og yrði Behrens þá að útvega hann. En efnahagsreikningurinn kom ekki fyrir frá endurskoðunarskrifstofunni en 21. maí 1930. Þótt því svo kynni að vera, að Behrens hafi komið til ákærða áður en riftingarfrestur á ráðstöfuninni 7/11 1929 var liðinn, þá eru engar sönnur komnar fram um það, að ákærði hafi orðið þess valdur, að efnahagsreikningurinn kom ekki fyrir en að þeim fresti liðnum. Og ekki er það heldur sannað, að ákærði hafi á nokkurn hátt varnað lánardrottnum Behrens að krefjast gjaldprotameðferðar á búi Behrens, meðan þessi frestur var að liða. Það ber því þegar af þessum ástæðum að sýkna ákærðan, Magnús Guðmundsson, af kæru réttvísinnar út af þessu atriði.

Eftir þessum úrslitum verður að sýkna báða hina ákærðu af greiðslu sakarkostnaðar, og verður því að greiða hann úr rikissjóði, þar á meðal málflutningslaun til skipaðs sækjanda fyrir hæstarétti, 400 kr. og til verjenda hinna ákærðu 300 kr. til hvors.

Rannsókn málsins er í einstökum atriðum ábótavant, og er þess getið hér að framan, þar sem ástæða hefir þótt til, og um sum atriði hafa komið fram nokkrar nýjar upplýsingar af hendi málflytjenda.

Héraðsdómarinn hefir gert grein fyrir drætti þeim, sem orðið hefir á rannsókn málsins hjá honum, svo að ekki þykir hann þess vegna átöluverður.

Því dæmist rétt vera:

Hinir ákærðu, Carsten Behrens og Magnús Guðmundsson, eiga að vera sýknir af kærum réttvísinnar í máli þessu. Sakarkostnaður allur, bæði í héraði og fyrir hæstarétti, greiðist úr rikissjóði, þar með talin máflutningslaun sækjanda fyrir hæstarétti, Lárusar Fjeldsted hæstaréttarmálaflutningsmanns, kr. 400,00 og verjenda hinna ákærðu, hæstaréttarmálaflutningsmannanna Péturs Magnússonar og Jóns Ásbjörnssonar, kr. 300,00 til hvors.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af réttvísinnar hálfu gegn Carsten Behrens, fyrrverandi kaupmanni, til heimilis Hafnarstræti 8, Magnúsi Guðmundssyni, dómsmálaráðherra, til heimilis að Fjólugötu 2, og Niels Manscher endurskoðunarforstjóra, til heimilis Þórshamri, fyrir meint brot gegn ákvæðum 26. kapítula almennra hegningarlaga frá 25. júní 1869, sbr. lög nr. 53 frá 11. júlí 1911 um bókhald, og lög nr. 25 frá 14. júní 1929 um gjaldþrotaskipti.

Málavextir eru þeir sem nú skal greina:

Þau eru tildrög máls þessa, að ákærður, Carsten Behrens, var verzlunarstjóri við Höepfnersverzlun hér í bænnum fram til ársins 1925 að þeirri verzlun var hætt. Kveðst ákærður þá engar eignir hafa átt, en skuldað Höepfnersverzlun um 14000,00. — Varð það að samkomulagi milli hlutafélagsins Carl Höepfner í Kaupmannahöfn og ákærðs, C. Behrens, að firmað lánaði honum vörur, til þess að hann gæti stofnað og rekið heildverzlun hér. Fyrst var svo um samið að þessi vöruskuld ákærðs, C. Behrens, við firmað, mætti á hverjum tíma vera mest danskar kr. 20,000,00, en síðar var þetta hækkað upp í danskar krónur 35,000,00. Jafnframt var svo um samið, að ákærður, C. Behrens, greiddi eigendum Höepfnersverzlunar gömlu skuldina,

kr. 14,000,00 með kr. 1500,00 hálfárslega og 6% ársvöxtum. Verzlun ákærðs, C. Behrens, gekk illa og fór fjárhagur hans síversnandi. Jafnhliða verzluninni hafði hann á hendi fyrir h/f Carl Höepfner í Kaupmannahöfn innheimtu hjá útbúum firmans hér á landi og leigu af húseigninni nr. 21 við Háfnarstræti hér í bænum. En nokkuð af peningum þeim, sem ákærður, C. Behrens, innheimti hjá útibúunum, greiddi hann ekki til Höepfnersverzlunarinnar, heldur notaði til eigin verzlunarreksturs og safnaðist að mestu leyti þannig skuld, sem á efnahagsuppgjöri pr. 2 $\frac{3}{10}$ 1929 var talin nema kr. 53,785,69, en síðar reyndist kr. 5000,00 lægri, eða kr. 48,785,69, og auk þess skuldaði ákærður þá h/f. Carl Höepfner í vixilskuldum vegna vörulána kr. 14,362,50. Þó ákærður C. Behrens skuldaði h/f Carl Höepfner þannig d. kr. 5000,00 minna en ætlað var 2 $\frac{3}{10}$, batnaði þó ekki fjárhagur hans að heldur því öðrum skuldaði hann allt að kr. 6000,00 meira en greint var í bókunum og fram kemur í efnahagsreikningnum 2 $\frac{8}{10}$.

Skuld ákærðs, C. Behrens, var því orðin talsvert hærri en firmað hafði heimilað. Meðákærðum í þessu máli, N. Manscher, var af h/f Carl Höepfner falið að hafa eftirlit með verzlunarrekstri ákærðs, C. Behrens, og átti hann að skýra eigendum firmans frá, hvernig rekstur ákærðs, C. Behrens, gengi.

Með innborgunum frá útbúunum til ákærðs, C. Behrens, kveður ákærður, N. Manscher, sér ekki hafa verið falið neitt eftirlit, enda muni útibúin hafa sent tilkynningar til firmans í Kaupmannahöfn í hvert skipti er þau greiddu C. Behrens. Virðist því h/f. Carl Höepfner í Kaupmannahöfn hafa fylgzt með skuldaföfnun ákærðs, C. Behrens.

Seinni hluta septembermánaðar árið 1929, sneri ákærður, C. Behrens, sér til meðákærðs, N. Manscher, og skýrði honum frá hógum sínum og að hann teldi nauðsynlegt að komast að samningum við h/f. Carl Höepfner. Þetta staðfesti hann svo síðar bréflega. Sendi meðákærður, N. Manscher, þá bréf, dags. $\frac{1}{10}$ '29, til A. Berleme forstjóra h/f. Carl Höepfner í Kaupmannahöfn og skýrði honum frá því, hvernig komið væri fyrir C. Behrens. En A. Berleme virðist hafa verið þetta kunnugt áður, enda mátti honum vera það ljóst, þar eð ákærður, C. Behrens, byrjaði verzlunina með 14,000,00 kr. skuld, eignalaus og

hafði tapað síðan. Með bréfi til endurskoðunarfirmans N. Manscher & Björn Árnason, dags. 5. október 1929, segir A. Berleme, að hann sé fastákvæðinn í að hætta viðskiptum við ákærðan, C. Behrens. Hann segir ennfremur að sér sé „óljúft að aðhafast nokkuð það, er kann að verða honum (þ. e. ákærðum C. Behrens) til tjóns, bæði vegna þess að vér viljum ekki á nokkurn hátt skaða framtíð hans og auðvitað einnig vegna þess að vér eigum ennþá peninga hjá honum“. Bréf þetta endar A. Berleme með þeim orðum, að það sé hörmulegt að sjá C. Behrens „enda með gjaldþroti og sjóðþurð“.

Í októbermánuði 1929 sendi svo h/f. Carl Höepfner hingað H. Tofte, fyrrverandi bankastjóra, til þess að semja við C. Behrens og tryggja hagsmuni h/f. Carl Höepfner. H. Tofte gekk mjög hart að ákærðum, C. Behrens, og hótaði honum að kæra hann og gera gjaldþrota, ef hann ekki greiddi alveg eða að mestu skuldina við h/f. Carl Höepfner.

Um þetta leyti var það, að ákærður, C. Behrens, sneri sér til ákærðs, Magnúsar Guðmundssonar, og bað hann að ráðleggja sér hvað hann ætti að gera í þessum vandræðum sínum og vera umboðsmann sinn í samningum við H. Tofte. Gekk ákærður, Magnús Guðmundsson, inn á það. Var þá af endurskoðunarskrifstofu N. Manscher & Björns Árnasonar gerður upp efnahagur ákærðs, C. Behrens; var efnahagsreikningur þessi á dönsku og fer hér á eftir í þýðingu eftir löggiltan skjalapýðanda:

Efnahagsreikningur pr. 2%₁₀ 1929 fyrir C. Behrens.

Eignir.

Sjóðsreikningur	kr.	6,041,22
Ýmsir skuldunautar	kr.	41,654,93
— —	—	606,59
		—————
		42,261,52
Vörubirgðir	—	35,118,42
— Bornholms Maskinfabrik	—	3,832,00
Reikningur yfir innan-		
stokksmuni	—	2,029,50
÷ Fyrningarafskrift til ½		
1929	—	571,35
		—————
		1,458,15

Eignin í Hafnarfirði	—	8,500,00
Höfuðstólsreikningur $\frac{1}{2}$ 1929	—	14,859,72
Mismunur á viðskipta- reikningum	—	672,10
Einkareikningur pr. $2\frac{1}{2}\%$	—	13,049,93
Hverfisgata 63, Hafnarfj.	—	851,72
		<hr/>
	Kr.	29,433,47

÷ Rekturs-

hagn. pr. $2\frac{1}{2}\%$ kr. 3,401,46

Fyrningaraf-

skrift af eign-

inni í Hafnar-

firði

—	263,40	—	3,664,86	—	25,768,61
---	--------	---	----------	---	-----------

Kr. 122,979,92

Pr. $2\frac{1}{2}\%$ 1929. — Skuldir.

Veðskuld á eigninni í Hafnarf. kr. 3,263,40

÷ v/ kaup á húsinu á Lindarg. — 3,263,40

A/S Carl Höepfner:

Lánsreikningur

kr.	154,50
-----	--------

Ýmislegt hjá C. B.

—	3,705,01
---	----------

Hlaupareikningur

—	14,362,50
---	-----------

Samkvæmt fylgiskjali

—	50,116,73
---	-----------

Kr. 68,338,74

÷ Ýmislegt hjá C. B.

—	190,55
---	--------

kr. 68,148,19

Ýmsir skuldheimtumenn inn-

lendir

kr.	2,379,19
-----	----------

Ýmsir skuldheimtumenn út-

lendir

—	24,829,91
---	-----------

— 27,209,10

Umboðsreikningur Bornholm Maskinfabrik — 4,132,70

Ýmsir skuldheimtumenn:

Laura Behrens

kr.	4,672,70
-----	----------

Ida H. Behrens

—	2,800,00
---	----------

Ivar Behrens

—	4,872,00
---	----------

Bruhn & Baastrup

—	11,145,23
---	-----------

— 23,489,93

Kr. 122,979,92

Framanskráðan efnahagsreikning höfum vér samið eftir bókum yðar, sem vér höfum endurskoðað.

Vér höfum ekki borið skuldunauta og skuldheimtumenn saman við bækurnar, en tilfært þá samkvæmt skrá, er þér hafið samið.

Af birgðum þeim, sem tilfærðar eru, höfum vér sannfært oss um að vörubirgðirnar eru til.

Reksturságóðinn pr. $2\frac{2}{10}$ kr. 3,401,46 minnkar eða eykst við útgjaldaliði og umboðslaun sem óinnfært kann að vera.

Reykjavík, 9. nóvember 1929“.

Svo sem þessi efnahagsreikningur ber með sér, skuldandi ákærður, C. Behrens, samkvæmt honum kr. 25,768,61 umfram eignir. En H. Tofte heimtaði svo sem fyrr segir, að viðlögðu gjaldþroti og kæru, að skuld umbjóðanda síns yrði greidd eða tryggð með framsali á vörum og útistandandi skuldum C. Behrens. Kveðst þá ákærður, N. Manscher, þegar í upphafi þeirra samningsumleitana hafa sagt hvað eftir annað, að þetta mætti ekki gera vegna hinna skuldheimtumanna C. Behrens, og hafi hann síðan aðeins verið við samningana með þeim H. Tofte og ákærðum, Magnúsi Guðmundssyni, og C. Behrens, til þess að gefa upplýsingar um efnahaginn. Þetta staðfestir og ákærður, C. Behrens.

Hinir ákærðu halda því fram, að ekki hafi þurft að leggja efnahagsreikninginn til grundvallar eins og hann er. Telja þeir, að C. Behrens hafi haldið því fram, að skuldirnar við Lauru, Idu og Ivar Behrens og skuldin við bankafirmað Bruhn & Baastrup, samtals kr. 23,489,93, þyrfti hann ekki að greiða nema allir aðrir fengi sitt og því hafi þessum skuldum verið slept, og síðan hafi H. Tofte fyrir hönd h/f Carl Höpfner gefið ákærðum, C. Behrens, eftir kr. 6000,00. Á þennan hátt hafi efnahagur ákærðs, C. Behrens, verið bættur þannig, að hann ætti meira en fyrir skuldum, og kveðst ákærður, Magnús Guðmundsson, þá hafa séð sér fært að ráðleggja ákærðum, C. Behrens, að greiða skuldina til h/f Carl Höpfner. Um þetta atriði hjálpaði ákærður, Magnús Guðmundsson, ákærðum, C. Behrens, til þess að koma á og ganga frá þeim samningum við H. Tofte fyrir hönd h/f. Carl Höpfner,

sem fara hér á eftir, þýddir úr dönsku af löggiltum skjala-þýðanda:

„Samkvæmt verzlunarbókum C. Behrens kaupmanns skuldar hann í dag hlutafélaginu Carl Höepfner, Kaupmannahöfn, kr. 50805,69 — fimmtíu þúsund áttahundruð og fimm krónur og 69 aurar — auk samþykktra vixla að upphæð kr. 8349,72 danskar.

Um kröfu þessa hafa þeir H. Tofte bankastjóri sem umboðsmaður skuldheimtumans og skuldunautur í dag gert með sér svofeldan

Samning.

1.

Ég, C. Behrens, afsala hérmeð hlutafélaginu Carl Höepfner vörur fyrir kr. 27836,33.

Vörur þessar skulu vera góðar, ósviknar verzlunarvörur og verðið skal vera það, sem tilfært er í vörutalningunni frá 28. f. m. Vörurnar afhendist í umbúðum og ábyrgist seljandi að vörumagn sé samkvæmt hinum afhentu vörureikningum. Farmgjald og vátryggingu fyrir vörurnar til Akureyrar greiðir seljandi.

2.

Ég, C. Behrens, framsel hlutafélaginu Carl Höepfner úti-standandi kröfur að upphæð kr. 19100,00 (góðar, tryggjar kröfur, sem fallnar eru í gjalddaga). Framseljandi ábyrgist að kröfur þessar séu réttar, sem og að af þeim fáið, að minnsta kosti kr. 15447,30, skuldheimtumanni að skaðlausu. Komi það í ljós, að einhver skuldunautur sé ekki greiðslufær, er hr. Behrens strax skylt að láta aðra góða kröfu í staðinn. Um kröfur þessar hefir verið gerð skrá, og hafa báðir aðiljar fengið afrit af henni, en frumritið er afhent Magnúsi Guðmundssyni, hæstaréttarmálaflutningsmanni, en honum hefir verið falið að sjá um innheimtu á kröfum þessum fyrir reikning framseljanda.

3.

Fyrir afgangi skuldarinnar skal gefið út skuldabréf, og skal það ákveðið, hvernig sá afgangur greiðist og ávaxtast.

4.

Þess skal getið, að upphæð kröfunnar er í samningi þessum tilfærð samkvæmt bókum skuldunauts, en það er skýrt tekið fram af hálfu umboðsmanns skuldheimtu-

manns, að skuldunautur beri ábyrgð á því, sem hann auk þess sannanlega kann að skulda.

5.

Áðurgreinda víxla lofar skuldunautur að greiða í gjalddaga.

6.

Aðiljar hafa komið sér saman um, að skuldheimtumaður skuli ekki verða fyrir neinu gengistapi vegna skuldaskipta þessara, ef íslenska krónan skyldi falla.

Reykjavík, 7. nóvember 1929.

(undirskrift)“.

Fyrir því, sem eftir stóð auk víxilskuldanna, gaf ákærður, C. Behrens, út skuldabréf kr. 5500,00 til h/f. Carl Höepfner, en síðar reyndist skuldin að vera kr. 5000,00 of hátt reiknuð svo sem fyrir segir.

Um þær eignayfirfærslur sem fram fóru samkvæmt þessum samningi, var öðrum viðskiptamönnum ekkert tilkynnt, og skuldararnir, sem ákærður, C. Behrens, framseldi skuldir á, fengu heldur enga tilkynningu um það fyrir en um áramótin.

Ákærður, C. Behrens, hélt nú verzlun sinni áfram og tók talsvert af vörum að láni og stóð hann í skuld fyrir þessum vörum að langmestu leyti, er hann varð gjalddprotá.

Peningana, er ákærður fékk fyrir seldar vörur og með því að innheimta sumt af eldri útistandandi skuldum, notaði hann til þess að greiða ýmsar eldri skuldir sínar, þar á meðal greiddi hann h/f. Carl Höepfner víxilskuldarnar að miklu leyti.

Um áramótin 1929 voru fallnar í gjalddaga ýmsar skuldir á ákærðan, C. Behrens, sem gengið var ríkt eftir og hann gat ekki greitt, en hann kveðst hvergi hafa getað fengið lán. Kveðst hann þá þegar hafa séð, að ómögulegt var að halda verzluninni áfram og sagði því upp starfsfólkinu. Fóru starfsmenn eða starfsmaðurinn úr vörubirgðahúsi ákærðs, C. Behrens, þegar í janúar og var því þá lokað, en skrifstofufólkið fór í marzmánuði og afgreiddi meðan það starfaði á skrifstofunni einnig litils háttar af þeim vöruleifum, sem eftir voru í birgðahúsinu.

Í janúarmánuði kveðst ákærður, C. Behrens, hafa afhent ákærðum, Magnúsi Guðmundssyni, ýmsar kröfur í

stað krafna, sem h/f. Carl Höepfner höfðu verið fram-
seldar, en skuldararnir höfðu greitt ákærðum, C. Behrens,
vegna þess, að þeim hafi svo sem áður segir, ekki verið
tilkynnt neitt um framsalið.

Þegar ákærður, C. Behrens, sá fram á, hve hart sumir
skuldheimtumennirnir eða umboðsmenn þeirra gengu að
honum og hann var alveg að verða gjaldþrota, sneri hann
sér til ákærðs, Magnúsar Guðmundssonar, og skýrði hon-
um frá hvernig komið var. Heldur ákærður, C. Behrens,
að þetta hafi verið í febrúar eða marzmánuði, en ákærð-
ur, Magnús Guðmundsson, telur að það hafi verið í marz.
Bað nú ákærður, C. Behrens, ákærða, Magnús Guðmunds-
son, að leita fyrir sig samninga við skuldheimtumennina.
Ákærður, Magnús Guðmundsson, sneri sér þá til þeirra
skuldheimtumanna, sem voru að ganga að ákærðum, C.
Behrens, og óskaði þess, að þeir biðu þeirra samninga-
umleitana, sem væru í undirbúningi, og urðu skuldheimtu-
mennirnir við þessu. Efnahagur ákærðs, C. Behrens, var
nú gerður á ný og um mánaðarmótin maí—júni ritar á-
kærður, Magnús Guðmundsson, skuldheimtumönnum á-
kærðs, C. Behrens, svolátandi bréf á dönsku og er það
þannig í islenskri þýðingu eftir löggiltan skjalabýðanda:

„Magnús Guðmundsson
hæstaréttarmálaflutningsmaður
Reykjavík.

Hr. stórkaupmaður, C. Behrens, hér í bænum, hefir
snúið sér til mín með beiðni um, að vera honum hjálp-
legur með að komast að greiðslusamningum við skuld-
heimtumenn sína, þar eð hann sjái sér ekki fært að standa
í skilum.

Efnahagsreikningur hans pr. $2\frac{1}{2}$ þ. á. hefir verið sam-
inn af N. Manscher endurskoðanda, og er hann sem hér
segir:

Eignir:

1. Húseignin Lindargötu 14.	
(Fasteignamat kr. 28,800,00) kaupverð kr.	60,000,00
2. Ýmsir skuldunautar	— 10,454,56
3. Hluti í innlendum vixlum	— 901,00
4. Í sjóði (bankabók)	— 118,60
5. Innstæða í Landmandsbankan d.kr. 14,80	— 18,04

6. Vörubirgðir	—	2,088,80
7. Innanstokksmunir	—	1,198,15
Reikningshalli höfuðstóls $\frac{1}{4}$ 1930		
	kr. 29,173,28	
Reksturstap $\frac{1}{4}$ — $\frac{2}{5}$ 1930	—	3,983,66
Eigin eyðsla $\frac{1}{4}$ — $\frac{2}{5}$ 1930	—	4,094,23
		<hr/>
		37,251,17
		<hr/>
		kr. 112,130,32

Skuldir:

1. Veðskuldir á húseigninni:		
1. Landsbanki Íslands ...	kr. 14,766,26	
2. Mjólkurfél. Reykjavíkur	—	35,233,74
		<hr/>
		kr. 50,000,00
2. Skuldheimtumenn:		
Ýmsir d. kr. 17,841,30	kr. 21,761,03	
— £ 150:5:4	—	3,328,40
— R. M. 1009,25	—	1,098,97
— \$ 220,12	—	1,004,30
— isl. krónur	—	6,971,24
		<hr/>
		34,163,94
3. Innlendir víxlar	—	4,825,00
4. Bruhn & Baastrup d. kr.		
8,764,35	kr. 10,689,88	
5. Ivar Behrens d. kr. 4,000,00	—	4,878,80
6. Laura Behrens	—	4,672,70
7. Ida Hedvig Behrens	—	2,800,00
		<hr/>
		23,041,38
		<hr/>
		Kr. 112,030,32

Við efnahagsreikning þenna vil ég leyfa mér að gera eftirfarandi athugasemdir:

- Húseignin Lindargata 14, er tilfærð á 60 þús. krónur en er veðsett fyrir 50 þúsundir. Húseignin hefir verið auglýst til sölu, en ekkert viðunanlegt tilboð hefir fengizt. Þetta mat 60 þús. er því sennilega of hátt.
- Ýmsir skuldunautar kr. 10,454,56. Hr. Behrens álitur að ekki muni fást meira en h. u. m. kr. 2000,00 úr þessum lið.
- Vörubirgðir kr. 2088,80 eru skráðar af hr. Behrens, og hann álitur, að þær séu svo lágt metnar, að þessi upphæð ætti að fást fyrir þær nettó.

d) Innanstokksmunir kr. 1,198,15 er samkvæmt afriti af veðbréfi, sem hr. Behrens segir að hafi verið þinglýst, veðsett bróður hans, Ivar Behrens, sem trygging fyrir ábyrgð og láni.

Það er augljóst, að eignir herra Behrens muni ekki hrökkva fyrir nema hluta af því, sem hann skuldar. Ef til gjaldþrota kæmi, myndi sala eigna hans á uppboði að líkindum tæplega hrökkva fyrir mikið meiru en kostnaðinum við gjaldþrotið. En þar sem ágóðinn af frjálsri sölu mundi geta orðið töluvert meiri, og þar sem herra Behrens þar að auki helst vill forðast gjaldþrot, hefi ég lofað að vera honum hjálplegur með að reyna að komast að greiðslusamningum þannig, að hann greiði 25% af kröfunum gegn fullnaðarkvittun. Herra Behrens segir að nokkrir vinir hans og ættingjar muni hjálpa honum að greiða samningsupphæðina, ef eignirnar nægi ekki fyrir þeirri upphæð.

Þar er herra Behrens er mjög umhugað um að komast að greiðslusamningum svo fljótt sem verða má, helst með frjálsum samningum en ella nauðasamningi, þá vildi ég biðja yður að endursenda hjálagða yfirlýsingu, undirritaða, við fyrsta þóknanlegt tækifæri.

Greiðsla samningsupphæðarinnar fer fram svo fljótt sem unnt er eftir að allir skuldheimtumenn hafa gengið að samningunum, eða að nauðasamningur hefir fengizt.

Virðingarfyllt

sign. M. Guðmundsson“.

Eins og bréf þetta þer með sér telur ákærður, Magnús Guðmundsson, efnahag ákærðs, C. Behrens, mjög slæman. Efnahagurinn hefir þó ekki versnað frá 28. okt. 1929 nema um kr. 12000,00 og nokkuð af því stafar af því að efnahagurinn versnaði svo sem síðar segir nokkuð við eignayfirfærsluna 7. nóv. og vörur eru nú taldar nokkru lægra verði en gert er í efnahagsreikningnum 28. okt.

Samkvæmt efnahagsreikningi ákærðs, C. Behrens, í bréfi þessu á hann ca. 24% upp í skuldir aðrar en veðskuldir, og nú eru gefnar þær skýringar á efnahagnum, að eignir ákærðs, C. Behrens, muni ef hann verður gjaldþrota, „að líkindum tæplega hrökkva fyrir mikið meiru en kostnaðinum við gjaldþrotið“.

Með frjálsri sölu telur ákærður, Magnús Guðmundsson,

að ákærður, C. Behrens, geti greitt 25% af skuldum, ef vinir og ættingjar hlaupi undir bagga. Ástæðurnar til þess eru þær, að húseignin nr. 14 við Lindargötu er nú ekki talin vera 60,000,00 kr. virði sem fyrr, enda seldi ákærður, C. Behrens, hana stuttu síðar með aðstoð ákærðs, Magnúsar Guðmundssonar, fyrir kr. 53,200,00.

Þá eru skuldir kr. 10454,56 nú aðeins taldar kr. 2000,00 virði, en þessar skuldir eru næstum eingöngu hluti af þeim kr. 42,261,52, sem í efnahagsreikningnum $\frac{2}{10}$ eru taldar í nafnverði.

Þá eru hinar svonefndu skyldmennaskuldir og skuldin við Bruhn & Baastrup og taldar hér sem aðrar skuldir, án nokkurra athugasemda, og búið að veðsetja innanstokksmuni ákærðs, C. Behrens, þeim til tryggingar.

Þess er vert að geta í þessu sambandi, að ef ákærður C. Behrens, hefði orðið gjaldþrota í marzmánuði eins og til stóð, var samningurinn við h/f Carl Höepfner þegar riftanlegur og vörur allar og skuldir, er hann hafði framselt með þeim samningi, hefðu þá gengið inn í þrotabúið og auðvitað skipzt jafnt milli skuldheimtumanna, því að í 19. gr. gjaldþrotaskiptalaganna er svo ákveðið, að greiðslur þær séu riftanlegar, sem fara fram í óvenjulegum gjaldeyri (vörum eða skuldum) 6 mánuðum eða skemmri tíma áður en greiðandi verður gjaldþrota. En með því að taka upp samninga fyrir ákærðan, C. Behrens, og fresta því þannig að skuldheimtumenn eða umboðsmenn þeirra gerðu ákærðan, C. Behrens, gjaldþrota, leið þessi frestur.

Eftir að þetta framangreinda bréf var sent skuldheimtumönnum ákærðs, C. Behrens, svöruðu sumir, að þeir vildu taka boðinu, aðrir svöruðu alls ekki og nokkrir kváðust ekki vilja taka því.

Um sumarið seldi ákærður, C. Behrens, húseignina Lindargata 14 með aðstoð Magnúsar Guðmundssonar, svo sem fyrr segir, fyrir kr. 53,200,00. Fékk ákærður, Magnús Guðmundsson, kr. 200,00 fyrir ómakið, en kr. 3000,00 var lagt inn í banka. Vörurnar fékkst litið fyrir, útistandandi skuldir innheimtust ekki og virðist ákærður aldrei hafa haft neina möguleika til að standa við tilboð sitt um 25% greiðslu á skuldunum, og hefir ákærður, Magnús Guðmundsson, viðurkennt það undir rannsókn málsins, að hann álitir að greiðslutilboðið hafi verið of hátt. Ákærð-

ur, Magnús Guðmundsson, afhenti svo ákærðum, C. Behrens, bankainneignina kr. 3000,00 en samningatilaunir féllu niður án þess að ákærður, Magnús Guðmundsson, leitaði nokkurntíma nauðasamninga, svo sem hann kveðst þó í bréfinu ætla að gera, og án þess að skuldheimtumönnunum væri nokkurntíma tilkynnt að samningaumleitunum væri hætt. Hinn 16. janúar 1931 var ákærður, C. Behrens, svo loks gerður gjaldþrota, samkvæmt kröfu málfærslufirma hér í bænum í umboði firma eins í Kaupmannahöfn, sem hafði látið gera þar árangurslausar aðfarargerðir hjá honum. Átti þá ákærður, C. Behrens, eina ritvél og leifar af hinum útistandandi skuldum, sem tæpast mun hafa svarað kostnaði að innheimta. Mun þetta því ekki einu sinni hafa svarað kostnaði við gjaldþrotið, og fengu því skuldheimtumennirnir ekki neitt, aðrir en h/f Carl Höepfner, sem þá þegar hafði fengið greiðslu samkvæmt framansögðu.

Ákærður C. Behrens.

Það, sem þá liggur næst fyrir að athuga, er, hvort ákærður, C. Behrens, hafi hlotið að vera það ljóst, er hann gerði eignayfirfærsluna til h/f. Carl Höepfner, tók vörur að láni og greiddi nokkrum skuldheimtumönnunum sínum, að gjaldþrotið var yfirvofandi.

Ákærður hefir aðallega borið það fyrir sig sér til málsvarnar, að hann hafi ekki þurft að taka tillit til skyldmennaskuldanna og skuldarinnar við bankafirmað Bruhn & Bastrup, samtals kr. 23489,93, og að H. Tofte hafi fyrir hönd h/f. Carl Höepfner gefið sér eftir kr. 6000,00, hafi hann þá átt fyrir skuldum og eignayfirfærslan þá ekki refsiverð.

Þótt þessi málsvarnaratriði væri bæði rétt, hlaut ákærður, C. Behrens, að vera það ljóst, að fjárhagur hans var raunverulega stórum verri en sýnt er á efnahagsreikningnum $2\frac{1}{10}$ 1929. Húseignin nr. 14 við Lindargötu er talin um 60 þúsund króna virði, en er kr. 28800,00 að fasteignamati. Í bréfinu, er ákærður, Magnús Guðmundsson, sendi skuldheimtumönnunum um vorið 1930, er á það bent, að eignin sé ekki svona mikils virði, og þá um sumarið var eignin seld fyrir kr. 53,200,00.

Það var frá upphafi auðsætt, að verð þessarar eignar var of hátt reiknað. Þá eru og allar útistandandi skuldir,

eldri og yngri kr. 42,261,52, taldar í nafnverði. Nær slíkt vitanlega ekki nokkurri átt, því hver og einn veit, að verzlunarskuldir eru meira og minna óvissar, og af þessum skuldum hafði verið mjög óeðlilega litið afskrifað undanfarin ár. Úrvalið úr þessum skuldum afhenti hann h/f. C. Höepfner sem greiðslu með meir en 10% afslætti og var það þar með sýnt, að ákærður, C. Behrens, og áður nefndir viðsemjendur álitu ekki úrval skuldanna nærri nafnverðs-virði. Þær kr. 10,454,56 í skuldum, sem getur um í bréfi ákærðs, Magnúsar Guðmundssonar, eru aðallega sömu skuldarnar og í efnahagsreikningnum 2 $\frac{1}{10}$, en þá taldar um kr. 2000,00 virði. Hver og einn, sem athugaði efnahagsreikninginn 2 $\frac{1}{10}$ hlaut að sjá, að eignirnar voru tilfærðar með hærra verði en þær voru verðar og skuldir ákærðs umfram eignir talsverðar raunverulega, þótt varnarástæður hans, sem greindar eru að framan, hefði verið fyrir hendi. En nú skal athugað, hvort varnarástæðurnar eru sannar.

Hin framannefnda kr. 6000,00 eftirgjöf frá H. Tofte fyrir hönd Carl Höepfner hefir verið athuguð við rannsókn málsins, mjög gaumgæfilega.

Þegar borinn er saman efnahagsreikningurinn 2 $\frac{1}{10}$ 1929 og samningurinn frá 7. nóvember sama ár, ber skuld-
arupphæðunum ekki saman. Vixilskuldin, sem samkvæmt efnahagsreikningnum 2 $\frac{1}{10}$ er talin kr. 14,362,50, er þá lækkuð niður í danskar krónur 8,349,72 eða ísl. kr. 10,148,00 samkvæmt bókunum, sem stafar af því, að í millitiðinni höfðu verið greiddir 2 vixlar.

En upphæðin kr. 50805,69 í samningnum er þannig fram komin, að frá skuldarupphæðinni í efnahagsreikningnum 2 $\frac{1}{10}$, sem er eins og að framan greinir kr. 53,785,69, auk vixilskulda, eru dregnar kr. 480,00, er virðist hafa sýnt sig að vera ofreiknað, og verður þá þessi skuld ákærðs, C. Behrens, við h/f. Carl Höepfner kr. 53,305,69. Við þessa upphæð er svo bætt ferðakostnaði H. Tofte kr. 1660,00 og vöxtum til h/f. Carl Höepfner kr. 1840,00, verða þessar tvær upphæðir samtals kr. 3500,00. En síðan er aftur dregin frá upphæðinni kr. 6000,00, sem er umboðslaun og eftirgjöf frá h/f. Carl Höepfner og verður þá skuldin kr. 50,805,69 svo sem ségir í samningnum. En auk þess kemur það að nokkru leyti fram í samningnum, —

og hefir nákvæmlega upplýzt við skoðun á verzlunar-bókum ákærðs, C. Behrens, að honum voru reiknaðar í afskriftir á framseldar skuldir kr. 2000,68 og kostnað við sendingu og váttryggingu varanna norður á Akureyri kr. 1540,00, sbr. niðurlag 1. gr. samningsins. — Það er því að visu svo, að H. Tofte hefir fyrir hönd h/f. Carl Höepfner lækkað skuldina hjá ákærðum, C. Behrens, um kr. 6000,00, en alveg jafnframt er svo bætt við skuldina nýjum liðum, sem ekki koma fram í efnahagsreikningnum áður: kr. 1660,00 + kr. 1840,00 + kr. 2000,68 + kr. 1540,00 eða samtals kr. 7040,68, og auk þess á ákærður, C. Behrens, að greiða ákærðum Magnúsi Guðmundssyni innheimtulaun sbr. 2. gr. samningsins.

Það er því sannað í málinu, að þótt þessar kr. 6000,00 séu gefnar eftir við samningsgerðina 7. nóvember, þá voru nýir skuldaliðir, sem voru samtals nokkru hærri, færðir ákærðum, C. Behrens, til skuldar og versnaði því fjárhagur ákærðs, C. Behrens, svo sem sýnt er, talsvert við þennan samning.

Ákærður, Magnús Guðmundsson, gekk frá þessum samningi með ákærðum, C. Behrens, við H. Tofte, og þeim var því vitanlega báðum ljóst er þeir gengu frá þessum samningi, að skuldir ákærðs, C. Behrens, námu talsverðu umfram eignir, samkvæmt efnahagsreikningnum, þótt allar eignir væru færðar, með hinu óeðlilega háa verði og þótt öllum skyldmennaskuldum sé sleppt og skuldinni við bankafirmað Bruhn & Baastrup.

Skyldmennaskuldirnar og skuldin við Bruhn & Baastrup.

Ákærðir halda því fram sem varnarástæðu svo sem fyrr segir, að þessum skuldum hafi mátt sleppa.

Í hinum fyrstu réttarhöldum (4. maí og 19. apríl 1931) við rannsókn þessa máls, minntist ákærður, C. Behrens, ekkert á það, er hann var spurður um fjárhaginn, að framangreindar skuldir hefði ekki þurft að taka til greina. En er ákærður, N. Manscher, mætti í réttinum $\frac{2}{3}$ 1931 gefur hann þá skýringu, að þessar skuldir hafi ekki verið talin þörf að telja með og því hafi hinir ákærðu litið á fjárhag ákærðs, C. Behrens, $\frac{2}{10}$ eins og þessar skuldir væri ekki til.

Um kröfu Idu Hedvig Behrens er það upplýst, að hana hefir sist þurft að telja með skuldum ákærðs, C. Behrens,

en hinar skuldirnar eru alveg venjulegar skuldir. Þannig er til þeirra skulda stofnað, að ákærður, C. Behrens, fékk peninga lánaða hjá móður sinni, Láru Behrens, árin 1926, 1927 og 1928. Og árið 1928 fékk ákærður lánaðar hjá bróður sínum Ivar Behrens kr. 4000,00 danskar, og þá fékk hann jafnframt lánið hjá bankafirmanu Bruhn & Baastруп og setti bróðir ákærðs tryggingar fyrir því. Kveðst hann þá hafa sagt við bróður sinn og móður, að hann væri svo svartsýnn á framtíðina, að þau gætu búist við að tapa þessum lánnum. Annað kveður hann hafa ekki verið um þetta rætt, og hann hefir játað, að alls ekkert loforð eða vilyrði hafi legið fyrir um neina eftirgjöf á kröfum þessum, er eignayfirfærslan fór fram 7. nóvember. En ákærður, C. Behrens, kveðst hafa talið sig geta afstýrt því, að þessum kröfum yrði lýst og kveðst hafa farið fram á það við móður sína árið 1930 að hún lýsti ekki sinni kröfu og hafi hún fallið á það. En það er fyrst seint á árinu 1931, eftir að rannsókn er nokkuð langt komin, að ákærður, C. Behrens, fer fram á það við bróður sinn Ivar Behrens, að skuldinni við hann og bankafirmað Bruhn & Baastруп verði ekki lýst. Eftir nokkur bréfaviðskipti fellst bróðir ákærðs á þetta, kveðst ekki vilja gera neitt sem skaði ákærðan, C. Behrens, og sagði honum að hann mætti eyðileggja þá kröfulýsingu, sem málfærslumaður bróður ákærðs, C. Behrens, hafði sent ákærðum til að afhenda skiftaréttinum.

Það er því sannað, að þessar skuldir voru 7. nóvember 1929, er eignayfirfærslan fór fram, til með sama rétti og aðrar skuldir á hendur ákærðum, C. Behrens, og það er löngu (1—2 árum) síðar, að skuldareigendur fallast á að lýsa ekki kröfunum, þegar þeir fengu að vita, að það gat komið ákærðum, C. Behrens, illa. En auk þeirra lýstu og fjöldi skuldheimtumanna eftir kröfum í búið, eftir að þeir að því er virðist, vissu, að það mundi ekki gefa neinn greiðsluhluta. Ákærður, C. Behrens, hafði því alls enga heimild til þess $2\frac{8}{10}$ að sleppa þessum skuldum, frekar en einhverjum öðrum, til þess að bæta með því fjárhag sinn. Það kemur og hvergi fram í málinu, heldur alveg það gagnstæða, að ákærður hafi talið sig lausan við þessar skuldir; hann sjálfur heldur þessu ekki fram við rannsókn málsins fyrr en ákærður, N. Manscher, og ákærður.

Magnús Guðmundsson, hafa gefið þessa skýringu. — Og eins og bréf það ber með sér, er ákærður, Magnús Guðmundsson, sendi skuldheimtumönnunum um vorið 1930, eru allar þær sömu skuldir, er hinir ákærðu segjast hafa talið heimilt að sleppa að reikna með í efnahagsreikningnum $2\frac{1}{10}$, þá taldar ákærðum, C. Behrens, til skuldar, og þá er meira að segja, eins og bréf þetta sýnir, þess getið að skuldir þessar hafi verið tryggðar fremur öðrum með veði í húsgögnum ákærðs. En af þessu verður augljóst, að er eignayfirlærslan fór fram 7. nóvember, hafa skuldir ákærðs, C. Behrens, numið miklu umfram eignir, og hann ekki getað komizt hjá að sjá að gjaldþrot hans, sem hafði byrjað verzlun eignalaus með kr. 14000,00 skuld og sitað, var alveg yfirvofandi.

Með því að taka eftir þetta vörur að láni, sem hann sá að hann gat ekki greitt, og með eignayfirlærslunni 7. nóv. og greiðslu á skuldum sínum eftir það, hefir ákærður, C. Behrens, því brotið gegn ákvæðum 262. og 263. greinar almennra hegningarlaga.

Ekki verður séð, að ákærður hafi skotið eignum undan, og bókhald hans var þannig, að hann verður ekki dæmdur til refsingar fyrir það.

Ákærður Magnús Guðmundsson.

Hin almenna umboðsmennska málfærslumanna liggur venjulega í því, að færa eignayfirlærslur í form og gera aðra samninga, án þess að kynnast nákvæmlega eða að nokkru leyti efnahag umbjóðandans. Hér stóð hinsvegar þannig á, að ákærður, C. Behrens, sneri sér til ákærðs, Magnúsar Guðmundsonar, og bað hann að ráðleggja sér, hvað hann ætti að gera, er H. Tofte heimtaði eignayfirlærsluna. Virðist ákærður, C. Behrens, hafa talið þess mikla þörf að hafa lögfræðing með sér í ráðum, þar sem ákærður, N. Manscher, er gengið hafði frá efnahagsreikningnum, taldi eignayfirlærsluna vafasama vegna annara skuldheimtumanna ákærðs, C. Behrens, er samningaumleitanir byrjuðu. En ákærður, Magnús Guðmundsson, fékk nú efnahagsreikning ákærðs, C. Behrens, til athugunar og ráðlagði síðan ákærðum, C. Behrens, eignayfirlærsluna samkvæmt því, sem hann hefir sjálfur játað undir rannsókn málsins.

Spurningin er því sú, hvort ákærður, N. Manscher,

hefir með efnahagsreikningnum 2%₁₀ og skýringum á honum, gefið ákærðum, Magnúsi Guðmundssyni, svo ófullnægjandi eða rangar upplýsingar um efnahag ákærðs, C. Behrens, að hann hafi þess vegna ekki haft aðstöðu til að sjá hinn raunverulega fjárhag og að gjaldþrotið var eins og fyrr segir, alveg yfirvofandi.

Þetta hefir því verið rannsakað allrækilega. Í því sambandi hefir ákærður, N. Manscher, lagt áherzlu á það, að efnahagsreikningurinn frá 2%₁₀ sé gerður samkvæmt bókum ákærðs, C. Behrens, „en jafnframt“ segir ákærður, N. Manscher, „var gert allt, sem hægt var, eftir beiðni þeirra Magnúsar Guðmundsonar og H. Tofte, til þess að þeir kæmst að raun um hið rétta ástand efnahagsins“.

Viðvikjandi útistandandi skuldum hefir ákærður, N. Manscher, meðal annars sýnt fram á, að skrá hafi verið samin yfir skuldirnar og lögð fyrir þá Magnús Guðmundsson og H. Tofte, til þess að þeir gætu sjálfir myndað sér skoðun á því, hvers virði skuldirnar væru í raun og sannleika. Þetta hefir ákærður, Magnús Guðmundsson, kannast við.

Ákærður, N. Manscher, hefir upplýst að þannig hafi verið athugaður nákvæmlega hver einstakur eignaliður, sem nokkru máli skipti til þess að sjá, hvers virði hann væri í raun og veru. Hann kveðst hafa verið á mörgum fundum með þeim H. Tofte og ákærðum, Magnúsi Guðmundssyni, einmitt til þess að athuga og útskýra efnahaginn.

Ákærður, Magnús Guðmundsson, hefir í aðalatriðum játað þetta rétt vera, en kveðst ekki minnst þess, að þessar athuganir á efnahagsreikningnum hafi breytt neitt heildarniðurstöðu hans.

Af því, sem að framan segir, er það upplýst, að ákærður, Magnús Guðmundsson, fékk áður en hann ráðlagði eignayfirlærsluna fullkomna aðstöðu til þess að vita um hinn rétta efnahag ákærðs. Ákærður, Magnús Guðmundsson, hlaut því af sömu ástæðum og ákærður, C. Behrens, sjálfur að sjá, að eignirnar á efnahagsreikningnum 2%₁₀ voru færðar með svo háu verði, að það var ekki sannvirði þessara eigna. Má þar nefna fasteignina og útistandandi skuldir, og liggur að nokkru fyrir í málinu, hvornig ákærður, Magnús Guðmundsson, hefir metið þessar eign-

ir, sbr. ummæli hans um fasteignina í bréfinu til skuldheimumannanna vorið 1930, og að hann skömmu síðar hjálpaði ákærðum, C. Behrens, til að selja þessa fasteign fyrir kr. 53,200,00. Úrvalið af útistandandi skuldum ákærðs, C. Behrens, gengur ákærður, Magnús Guðmundsson, inn á að afhenda með talsverðum afslætti, sbr. samninginn frá 7. nóvember, og kr. 10454,56, sem er aðallega hluti sömu skuldanna, sem taldar eru í efnahagsreikningnum 2%₁₀, telur hann samkvæmt upplýsingum frá ákærðum, C. Behrens, um 2000 króna virði. — Ákærður, Magnús Guðmundsson, sá það því, að ákærður, C. Behrens, skuldaði raunverulega mikið umfram eignir, er hann gerði samninginn 7. nóvember, og það þó að þær skuldir, er hinir ákærðu telja, að hafi mátt sleppa og gefnar hafi verið eftir af H. Tofte f. h. C. Höepfners, séu ekki taldar ákærðum, C. Behrens, til skuldar.

En það er og upplýst að húsgögn ákærðs, C. Behrens, sem talin eru til eigna á efnahagsreikningnum 2%₁₀ kr. 1,548,15 voru veðsett Ivar Behrens fyrir skuld, sem haldið er fram, að ekki hafi þurft að taka tillit til og versnaði fjárhagur ákærðs, C. Behrens, enn við það frá því sem efnahagsreikningurinn sýnir.

Eins og upplýst er áður, gekk ákærður, Magnús Guðmundsson, frá samningnum 7. nóvember og undirbjó hann og hann vissi því, að 6000 króna eftirgjöfin var aðeins á yfirborðinu, þar sem jafnframt voru færðar ákærðum til skuldar ýmsar nýjar upphæðir, sem voru samtals talsvert hærri, og versnaði því efnahagurinn hjá ákærðum, C. Behrens, svo að skuldir hans umfram eignir urðu talsverðar þótt gengið sé út frá efnahagsreikningnum 2%₁₀ og eignirnar færðar með hinu óeðlilega háa verði eins og þar er gert. En þó verður mismunur eigna og skulda að sjálf-sögðu ennþá meiri ef litið er á eignirnar með því sannvirði, er ákærður, Magnús Guðmundsson, hlýtur eftir framangreinda athugun að hafa gert, sbr. athugasemdirnar í bréfi hans og var þá gjaldþrotið yfirvofandi þótt skuldanna við skyldmennin og bankafirmað Bruhn & Baastrup væri sleppt.

Eins og nú hefir verið sýnt, skiptir það ekki afgerandi máli hvort skuldirnar við skyldmennin og bankafirmað Bruhn & Baastrup eru taldar ákærðum, C. Behrens, til

skuldar 7. nóvember er eignayfírfærslan fór fram. En rétt þykir þó að athuga þetta nánar. Þar sem hér er um að ræða aðalvarnarástæðu ákærðs, Magnúsar Guðmundssonar.

Ef tekinn væri trúanlegur framburður ákærðs, Magnúsar Guðmundssonar, sjálfs um atriði það, að hann hafi verið í góðri trú (bona fide) og álitíð að rétt væri að sleppa framangreindum skuldum 7. nóvember, er það þó sannað, með bréfum, er hann sendi skuldheimtumönnum ákærðs, C. Behrens, vorið 1930, að hann þá hefir álitíð, að taka ætti fullt tillit til þessara skulda og þannig hefir hann í slæmri trú (mala fide) haldið áfram að aðstoða ákærðan, C. Behrens, í þeim verknaði, sem hann drýgði með eignayfírfærslunni 7. nóvember, með því að reyna að koma því til leiðar, að skuldheimtumenn ákærðs, C. Behrens, kepptu nú um greiðsluhluta við skyldmennin og Bruhn & Baastrup, en sjálfur hefir ákærður, Magnús Guðmundsson, játað að hagsmunum skuldheimtumannanna hefði því aðeins verið borgið og eignayfírfærslan 7. nóvember hefði því aðeins verið heimil að ekkert tillit væri tekið til þessara margnefndu skulda við skyldmennin og Bruhn & Baastrup.

Það er því sannað, að þótt framburður ákærðs, Magnúsar Guðmundssonar, væri tekinn trúanlegur um þetta atriði hefir þó ásetningur hans um að veita ákærðum, C. Behrens, aðstoð við brot hans verið fyrir hendi ekki síðar en er hann sendi skuldheimtumönnum bréfið og er þá um eftirfarandi ásetning (dolus superveniens) að ræða og getur því staðhæfing hans um góða trú 7. nóvember ekki leyst hann undan refsingu fyrir þessa síðari aðstoð hans við að halda áfram broti ákærðs, C. Behrens, gagnvart skuldheimtumönnum.

En eins og upplýst er í málinu hafði það við engin rök að styðjast að telja ekki með til skulda ákærðs, C. Behrens, 7. nóvember skuldir skyldmenna og skuldina við Bruhn & Baastrup. Fyrir þessu liggur aðeins eigin staðhæfing ákærðu, en hinsvegar sannað, að engin loforð eða vilýrði lágu fyrir um eftirgjöf frá skuldareigendum. Sú staðreynd að ákærður, C. Behrens, og Magnús Guðmundsson, telja skuldina ekki niðurfallda er þeir skrifa skuldheimtumönnum og bjóða 25% upp í skuldirnar sem fullnaðarargreiðslu, sýnir, að þeir hafa jafnan talið skuldirnar í

gildi sem aðrar skuldir, því ef skuldirnar voru ekki til 7. nóvember gátu þeir heldur ekki álitnið þær til í maimánuði.

Ákærður, Magnús Guðmundsson, sá því greinilega, að gjaldþrot C. Behrens var yfirvofandi, er hann ráðlagði eignayfirfærsluna 7. nóv. og kom henni í kring öðrum skuldunautum ákærðs, C. Behrens, til tjóns.

En það má og jafnframt benda á það, að ákærður, Magnús Guðmundsson, vissi að H. Tofte var sendur hing- að beinlínis til að tryggja hagsmuni h/f C. Höepfner. H. Tofte heimtar að sér sé framselt megnið af og valið úr vörum ákærðs, C. Behrens, (sbr. 2. gr. samningsins „góð- ar ósviknar verzlunarvörur“ og úrvalið af útistandandi skuldum hans (sbr. 2. gr. samningsins „góðar tryggjar kröfur“). Að H. Tofte eftir að hafa kynnt sér efnahag ákærðs, C. Behrens, heimtaði þessi framsöl og þar með greiðslu í svo óvenjulegum gjaldeyri, stafaði vitanlega af því, að hann óttaðist yfirvofandi gjaldþrot ákærðs, C. Behrens. Það er og upplýst af ákærðum, C. Behrens, og N. Manscher, að H. Tofte hafi og jafnframt því að heimta þessi framsöl beinlínis hótad kæru og gjaldþroti. Hann stöðvaði og öll lán frá h/f Höepfner til ákærðs, C. Behrens, og heimtaði (sbr. 5. gr. samningsins) að ákærður, C. Behrens, greiddi vixlana í gjalddaga, enda fór mikill hluti af því fé, sem hann fékk inn meðan verzlunin hélt áfram, í greiðslu þessara vixla.

Þegar þessar ástæður eru athugaðar í sambandi við sjálfan efnahag ákærðs, C. Behrens, verður það jafnvel enn augljósara, að það gat undir engum kringumstæðum farið fram hjá ákærðum, Magnúsi Guðmundssyni, að gjaldþrot ákærðs, C. Behrens vofði yfir.

Þess er getið hér að framan, að ákærður, Magnús Guðmundsson, hafi, er ákærður, C. Behrens, var að verða gjaldþrota í byrjun árs 1930, með samningaumleitunum frestað gjaldþrotinu fram yfir riftingartímamann, sem ákveðinn er í 19. gr. gjaldþrotaskiptalaganna. Þótt ákærðum, C. Behrens, og Magnúsi Guðmundssyni hafi ekki tekið að sýna fram á, að ákærður, C. Behrens, hafi haft nokkra möguleika til að standa við boð sitt um 25% greiðslu af skuldum, og nauðasamninga væri ekki leitað, sem þó var heitið, verður þó ekki talið sannað, að tilboðið hafi verið gert í sviksamlegum tilgangi.

En það verður ekki komizt hjá að lita á það, að ef ákærður, Magnús Guðmundsson, hefði gert eignayfírfærsluna 7. nóvember í þeirri trú, að ákærður, C. Behrens, yrði ekki gjaldþrota og allir fengi sitt, hlaut það að koma honum á óvart, að sá sami maður, sem hefði blekkt hann þannig, kæmi til hans rétt eftir áramótin og segði honum að nú væri hann að verða gjaldþrota og vildi nú reyna að greiða öðrum skuldheimtumönnum 25%, sem hann þó ekki gæti án hjálpar. Það verður að telja sennilegt, að ákærður, Magnús Guðmundsson, hefði undir slíkum kringumstæðum ekki látið hjá líða að benda ákærðum, C. Behrens, á það, að eigi yrði komizt hjá því að leiðrétta það ranglæti, sem öðrum skuldheimtumönnum hefði verið gert með eignayfírfærslunni 7. nóvember, að minnsta kosti að benda ákærðum á að gefa sig þegar upp til gjaldþrotaskipta, til þess að skuldheimtumennirnir gætu látið rifta eignayfírfærslunni. En ákærður, Magnús Guðmundsson, gerði ekki þetta, heldur hið gagnstæða.

Það er því ekki hægt að komast hjá að lita á þetta sem enn eitt og æði sterkt sönnunaratriði þess, að ákærðum, C. Behrens, og málfærslumanni hans, ákærðum, Magnúsi Guðmundssyni, hafi, svo sem áður er sýnt, verið hið yfirvofandi gjaldþrot ljóst 7. nóvember og því ekki komið það á neinn hátt óvart að ákærður, C. Behrens, var að verða gjaldþrota eftir áramótin, er ákærður, Magnús Guðmundsson, afstýrði því.

Með því að ráðleggja og stuðla að eignayfírfærslunni til h/f Carl Höepfner 7. nóvember þegar honum var ljóst að gjaldþrot ákærðs, C. Behrens, var yfirvofandi, hefir ákærður, Magnús Guðmundsson, brotið gegn ákvæðum 263. gr. sbr. 48. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærður, N. Manscher, hefir staðfastlega haldið því fram undr rannsókn málsins, að hann hafi ekki átt neinn þátt í að stuðla að eignayfírfærslunni heldur lagzt á móti henni í upphafi og síðan látið samningana afskiptalaus. Þetta er viðurkennt af ákærðum, C. Behrens, og ákærður, Magnús Guðmundsson, hefir ekki mótmælt því. Það er upplýst, að hann hefir látið semja þann efnahagsreikning, sem fyrir liggur í málinu samkvæmt bókum ákærðs, C. Behrens, eins og í efnahagsreikningnum segir, og það er viðurkennt af ákærðum, Magnúsi Guðmundssyni, og C.

Behrens, að ákærður, N. Manscher, hafi verið viðstaddur til þess að gefa frekari skýringar viðvikjandi efnahagsreikningnum og efnahag ákærðs, C. Behrens, í heild og það hefir ekki neitt komið fram við rannsókn málsins, sem bendir til þess, að þær upplýsingar hafi verið villandi, heldur virðast upplýsingar hans hafa verið ýtarlegar, svo sem áður segir.

Það verður því að sýkna ákærðan, N. Manscher, af ákæru réttvísinnar í þessu máli.

Ákærður, Carsten Behrens, er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 19. ágúst 1889, og hefir ekki áður sætt ákæru eða refsingu og þykir refsing sú, sem hann hefir tilunnið fyrir afbrot sitt, sem greint er hér að framan, hæfilega ákveðin fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 45 daga, og auk þess verður samkvæmt 8. gr. gjaldþrotaskiptalaganna að svifta hann rétti til þess að reka eða stjórna verzlun eða atvinnufyrirtæki í næstu 6 ár frá upp-sögn dóms þessa.

Ákærður, Magnús Guðmundsson, er einnig kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 6. febrúar 1879 og hefir ekki áður sætt ákæru eða refsingu, og þykir refsing sú, sem hann hefir tilunnið fyrir aðstoð sína við framangreint afbrot hæfilega ákveðin fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 15 daga.

Ákærður, N. Manscher, er og kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 17. janúar 1895. Hann hefir með dómi aukaréttar Reykjavíkur uppkveðnum 1. ágúst 1932, verið dæmdur skilorðsbundið fyrir brot á ákvæðum 264. gr. 1. málsgreinar, sbr. 48. gr. almennra hegningarlaga frá 25. júní 1869. Sá dómur er nú fyrir Hæstarétti. Eins og fyrr segir verður að sýkna hann af ákæru réttvísinnar í þessu máli.

Ákærðir, C. Behrens, og Magnús Guðmundsson, greiði annar fyrir báða og báðir fyrir annan sakarkostnað í máli þessu.

Á máli þessu hefir enginn óþarfa dráttur orðið, en fyrir nokkrum drætti sem orðið hefir í rannsókn málsins er gerð grein í rannsóknargerðunum.